

Nr. 2.
3.
janúar.

Lög

um

breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um
breyting á sömu tilskipun.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Sendingar, sem eru prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, mega vega allt að 5 pd. Burðareyrir fyrir þær skal vera 3 aurar fyrir hver 10 kvint eða minni þunga.

2. gr.

Böggulsendingar, sem sendar eru með póstskipunum hafna á milli á Íslandi og ekki þarf að senda neitt yfir land, mega vega allt að 10 pd. Burðareyrir fyrir þær sendingar skal vera 10 aurar fyrir hvert pund og 5 aurar að auki í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 kr. eða minna af verði sendingarinnar, ef verð er tiltekið. Undir tilvísunarbrjef við slíka böggla greiðist að auki venjulegt burðargjald, ef brjefið er lokað.

3. gr.

Burðareyrir fyrir lokaða böggla, sem sendir eru með landpóstum frá veturnóttum til sumarmála, skal vera 25 aurar fyrir hver 25 kvint eða minni þunga

4. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 21, 4. nóv. 1881, úr lögum numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 3. janúar 1890.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Lov

om

Nr. 2.
3die
Januar.

Forandring i Forordning om Postvæsenet af 26de Februar 1872 og i
Lov af 15de Oktober 1875 om Forandring i samme Forordning.

**Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark,
de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,**

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Forsendelser, der indeholde trykte Sager under Kors- eller Enkeltbaand, maa veje indtil 5 Pund. Portoer herfor fastsættes til 3 Dre for hver 10 Kvint eller derunder.

§ 2.

Pakkeforsendelser, der sendes med Postdampskibene mellem Havne i Island og ikke skulle føres over Land, maa veje indtil 10 Pund. Portoer herfor fastsættes til 10 Dre for hvert Pund og desuden en Assurancepræmie af 5 Dre for hvert 100 Kroner eller derunder af Forsendelsens Værdi, forsaavidt Værdi er angiven. For lukkede Adressebrevne til saadanne Forsendelser betales desuden sædvanlig Porto.

§ 3.

Porto for lukkede Pakker, der sendes med Landposterne i Lidsrummet fra den sidste Lørdag i Sommeren til den sidste Lørdag i Vinteren, fastsættes til 25 Dre for hver 25 Kvint eller Del deraf.

§ 4.

Med nærværende Lov ophæves Lov Nr. 21, af 4de November 1881.

Gvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 3die Januar 1890.

Under Vort kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellesmann.